

TÖLTMEISTARAR

ÞEYSANDI, HÁGENGJIR TÖLTARAR HJÁ MEISTARAKNÖPUM Í ÖLFUSHÖLL >> 30



MYNDIN BRÉF FRÁ IWO JIMA ER STÓRVIRKI



FULLT HÚS >> 35

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913 | 49. TBL. 95. ÁRG.

MÁNUDAGUR 19. FEBRÚAR 2007

PRENTSMÍÐJA MORGUNBLAÐSINS | mbl.is



Morgunblaðið/Golli

100 dagar í reykingabann

FRÉTTASKÝRING

Eftir Elvu Björk Sverrisdóttur elva@mbl.is

MIKLAR breytingar hafa orðið á tóbaks-málum undanfarið ár. Ekki er ýkja langt síðan sjálfsgætt þótti að reykingar í bióhúsum, á kaffistofum vinnustada og í flugvélum. Nú stýttist í að síðustu vígi reykingafólks falli en um 100 dagar eru þar til breytingar á lögum um tóbaksvarnir taka gildi. Þær fela meðal annars í sér að tóbaksreykingar verða með öllu bannaðar á veitinga- og skemmtistöðum.

Í nýrri samskipti könnun þykir sannað að heilsa starfsfólks á veitingahúsum hafi batnað eftir að reykingabann tók þar gildi en heilsa þess var könnuð áður en bannið tók gildi og ári eftir.

Skriptar skoðanir eru hér á landi um bannið. „Við vorum tvístigandi um hvort við værum að gera vitleysu en erum mjög glöð með að hafa slegið til,“ segir Oddný Guðmundsdóttir, dóttir Guðnýjar Guðjónsdóttur og Guðmundur Baldvínssonar, sem stofnuðu kaffihúsið Mokka árið 1958. Í júní í fyrra tók gildi reykingabann á staðnum. Reykslan er góð, langflestir viðskiptavinir staðarins hafa haldið tryggð við hann en einnig hafa nýir bæst við.

Ekki eru allir veitingamenn sem bannað hafa reykingar sáttir. Benda þeir m.a. á að viðskipti hafi minnkað eftir að reykingafólkinu var úthýst.

Starfsfólkið drepur í

Jakob Jakobsson, eigandi veitingastaðarins Jómfrúarinnar í Lækjargötu, er á móti reykingabanninu en kveðst að sjálfsögðu munu hlíta landslögum. Hann telur að þegar bannið gangi í gildi hljóti að fara í hönd erfitt tímabil hjá börum og skemmtistöðum.

Hann er farinn að búa sig undir bannið. Það gerir hann meðal annars með því að bjóða starfsfólki staðarins, sem flest reykir, á reykleysisnámskeið hjá Krabbameinsfélaginu, en starfsfólkið stefnir allt á að hætta að reykinga á næstunni.

Eigendur kaffihúsa og veitingastaða búa sig fyrst og fremst undir reykbandi með því að kanna möguleika á að bjóða upp á veitingar úti við. Þetta hefur reynst vel erlendis. Í Ósló hafa t.d. sumir veitingahúsaeygendur komið upp hitunarbúnaði og er þá hægt að nýta útiástöðuna allt árið.

Það eru ekki aðeins kaffihús og veitingastaðir sem ihuga að koma upp aðstöðu fyrir reykingafólk úti við. Þetta hefur m.a. verið gert á Hótel Nordica, en þar verða reykingar á opnum svæðum bannaðar 1. mars næstkomandi. Segir Ingólfur Haraldsson, hótelsstjóri Nordica, að fyrir utan hótelið sé búið að koma upp upphitaðri aðstöðu fyrir reykingafólk.

Líta megi svo á að ráðuneyti sé deild í forsetaembættinu

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segir forsetann ekki heyra undir neitt ráðuneyti og það sé misskilningur að ráðuneyti fari með málefni hans

ÓLAFUR Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segir að forsetinn heyri ekki undir neitt ráðuneyti og frekar sé hægt að líta svo á, að stjórnskipulega séu ráðuneyti deild í forsetaembættinu. Kom þetta fram í máli forsetans í viðtali í þættinum Silfri Egils á Stöð 2 í gær.

Ólafur Ragnar þvertók fyrir það að seta hans í Prúnarráði Indlands væri á nokkurn hátt gagnrýniverð, þegar þáttastjórnandi spurði hann út í orð Halldórs Blöndal, formanns utanríkismálanefndar Alþingis og fleiri, og sagðist taka undir orð Geirs H. Haarde forsætisráðherra í þessum sama þætti fyrir viku. „Mikið af þessari umræðu var nú byggt á ákveðinni vanþekkingu og misskilningi, bæði á stöðu embættisins og eðli Prúnarráðsins.“

„Forsetinn heyrir nú ekki undir neitt ráðuneyti. Það er alvarlegur misskilningur sem virðist vera uppi hér hjá einstaka mönnum að forsetinn sé deild í einhverju ráðuneytinu,“ sagði Ólafur Ragnar, er hann var spurður hvar mörkin lægju þegar forsetinn beitti sér í einkaheimsókn-



Ólafur Ragnar Grímsson

um og að hve miklu leyti forsetinn heyrði undir forsætisráðuneyti og utanríkisráðuneyti. „Forsetinn er þjóðkjörinn fulltrúi þjóðarinnar og sækir umboð sitt bara til almennings á Íslandi og einkis annars. Það að hann eigi að vera einhverskonar starfsmaður eða heyra undir ráðuneyti og þau fari með málefni hans er algjör grundvallarmisskilningur á eðli íslenskrar stjórnskipunar og eðli þess lýðræðis sem felst í þjóðkjörnum forseta. Það er miklu frekar að líta á þetta stjórnskipulega séð þannig að ráðuneyti sé deild í forsetaembættinu vegna þess að það er forsetinn sem skipar ráðherrana, ef menn vilja fara í einhvern orðhengilsleik,“ sagði forsetinn og lagði einnig áherslu á að ferðin til Indlands hefði verið vinnuheimsókn en ekki einkaheimsókn.

Síðar í viðtalinu lagði Ólafur Ragnar á það

Í HNOTSKURN

» Í 11. grein stjórnarskrár lýðveldisins Íslands segir: Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.

» Í 13. grein segir: Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt.

» Í 14. grein segir: Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum.

áherslu að forsetinn þyrfti í raun og veru ekki að bera neitt undir forsætisráðuneytið eða utanríkisráðuneytið en mikilvægt væri að hafa gott samráð þar á milli. Sagðist hann hafa kappkostað það alla sína tíð og ætti ágætis samstarf við forsætisráðherra og utanríkisráðherra. Slíkt samráð breytti því ekki að forsetinn tæki sjálfstæðar ákvarðanir enda sækti hann umboð sitt til þjóðarinnar en ekki stjórnarráðsins.



Morgunblaðið/Eggert

Fullt hús mótmælenda

HLJÓMSVEITIN Sigur Rós stóð fyrir mótmælatónleikum í Verinu við Seljaveg í gærkvöldi. Yfirskrift tónleikanna var „Lifi Álafoss“ en þeir voru haldnir til styrktar Varmársamtökunum sem mótmæla framkvæmdum í Álafoskvos. Fjöldi listamanna kom fram á tónleikunum, en allir eiga þeir sameiginlegt að hafa tekið upp plötu í Sundlauginni, hljóðveri Sigur Róssar í Kvosinni. Hátt í 800 manns sóttu tónleikana og var fullt hús. Tónleikarnir voru lágstemmdir enda nær allur hljóðfæraleikur órafmagnaður. Fjöldi ræðumanna hélt tölu á milli tónlistartriða og var góður rómur gerður að máli þeirra.

Á myndinni er Sigur Rós á sviðinu í Verinu í gærkvöldi.

Rannsaka áhrif Grænlands

Eftir Helga Bjarnason helgi@mbl.is

VEÐURFRÆÐINGAR vonast til að geta bætt veðurspár í kjölfar viðamikillar rannsóknar á áhrifum Grænlands á lægðir og loftstrauma í Norður-Atlantshafi. Bækistöðvar rannsóknarinnar verða í Keflavík. Þátt taka vísindamenn frá nokkrum löndum og hafa meðal annars til umráða vel búna vísindaflygvl í þrjár vikur.

Veðurfræðingarnir hafa hver um sig verið að rannsaka veðurkerfin á hafinu milli Íslands og Grænlands sem hafa mikil áhrif á veður í nágrennalöndunum, einkum í Bretlandi og á megi-

inlandi Evrópu. „Það er nýtt í þessu að menn sameinast í átaki til að rannsaka hvað er að gerast í andrúmlöftinu, ekki síst áhrifum fjallendis Grænlands á lægðir og loftstrauma við Ísland,“ segir Jón Egill Kristjánsson, prófessor við Óslóaháskóla, sem tekur þátt í rannsókninni ásamt vísindamönnum frá Bretlandi, Kanada, Noregi, Íslandi og Bandaríkjunum, alls um 20 manns. Hópurinn kemur saman í dag.

Alltaf haft áhuga á veðrinu á Íslandi

Jón Egill segir algengast að leið veðurkerfanna liggi frá vestri til austurs, þótt því sé öfugt farið þessa dagana. Tilgangur rannsóknarinnar

er að afla upplýsinga til að geta bætt veðurspár til skamms tíma og hins vegar að öðlast betri skilning á því á hvaða hátt fjallendi Grænlands hefur á veður við Ísland og síðar í allri Vestur-Evrópu. Flugvélin nýttist vel við upplýsingaöflun á þessu svæði sem er ákaflega virkt veðurfræðingalega og vísindamenn telja áhugavert – en mælinganetið í kringum landið er gisið.

Jón Egill fór til náms í veðurfræði í Björgvin á árinu 1979 og hugsaði sér að koma heim að námi loknu til að vinna á Veðurstofunni. Aformin breyttust, hann fór í doktorsnám og hefur verið við Óslóaháskóla í þrettán ár þar sem hann hefur nú prófessorsstöðu.